

Tillögur að lagabreytingum fyrir á aðalfundi 2019 (breytingar í **rauðu** lettri)

Tillaga 1.

14. gr. Trúnaðarráð

2. mgr. „Í trúnaðarráði sitja auk stjórnar **og varastjórnar**, stjórnir deilda

Í núverandi lögum kemur ekki fram að varamenn stjórnar VR sitji í trúnaðarráði. Rétt þykir að þeir séu hluti af trúnaðarráði þar sem þeir hafa verið kosnir með formlegum hætti til trúnaðarstarfa í félaginu.

Skýring: Til að taka af allan vafa um að varamenn í stjórn VR eigi sæti í trúnaðarráði eins og aðalmenn.

Tillaga 2.

11. gr. Hæfi stjórnarmanna

Stjórnarmenn skv. 10 gr. og ef við á, stjórnarmenn sjóða skv. 3. mgr. 26. gr. skulu vera fjár síns ráðandi og mega ekki á sl. 5 árum hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað. Stjórnarmenn mega ekki eiga meira en 5% hlut í fyrirtæki sem er í atvinnurekstri á starfssviði félagsins **og mega ekki vera starfandi sem framkvæmdastjórnar fyrirtækis, stofnunar eða félags þar sem réttarstaða framkvæmdastjóra rekstrar telst sú sama og sem hann væri sjálfur atvinnurekandi**. Stjórnarmenn sem missa hæfi skv. framansögðu á kjörtímabili sínu víkja sjálfkrafa og tafarlaust úr stjórn og taka varamenn þeirra sæti í þeirra stað þar til hæfisskilyrðum er fullnægt að nýju. Frambjóðendur til stjórnar VR skulu og uppfylla ofangreind skilyrði við lok framboðsfrests sbr. gr. 20.3. Sé ágreiningur um hæfi skal kjörstjórn úrskurða um það.

Við meðferð einstakra mála skal stjórnarmaður víkja sæti ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.

Missi stjórnarmaður kjörgengi sitt á kjörtímabili skal hann tafarlaust víkja úr stjórn VR. Sama regla gildir um aðra kjörna fulltrúa í stjórnun og ráðum félagsins.

Skýring: Þessi breyting er sett inn að gefnu tilefni frá síðustu stjórnarkosningu þar sem þurfti að úrskurða ógild framboð tveggja framkvæmdastjóra rekstrar með mannaforráð sem augljóslega býður heim hættu á hagsmunaárekstrum þar sem viðkomandi voru í stöðu atvinnurekanda.

Tillaga 3.

1. gr. Heiti, starfssvæði

Félagið heitir VR og er stéttarfélag verslunar-, þjónustu- og skrifstofufólks. Félagssvæði þess nær yfir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, Kópavogs, Hafnarfjarðar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjósahrepps, **Reykjanesbæjar, Grindavíkurbæjar, Suðurnesjabæjar, Sveitarfélagsins Voga**, Vestmannaeyja, Árnessýslu, Rangárvallarsýslu, Vestur-Skaftafellssýslu, Húnaþings vestra, Akraness og nágrennis, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Borgarfjarðarhrepps, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Fljótshálfshéraðs, Fljótshálfshrepps, Fjarðabyggðar, Breiðdalshrepps og Djúpavogshrepps. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skýring: Þessi tillaga er vegna sameiningar VR við Verslunarmannafélag Suðurnesja þar sem félagssvæði VR mun víkka út.